

AÐALFUNDUR ÖSSURAR HF.

VERÐUR HALDINN ÞRIÐJUDAGINN 9. MARS 2010 KL. 9:00

Í HÖFUÐSTÖÐVUM FÉLAGSINS AÐ GRJÓTHÁLSI 5, REYKJAVÍK

A. DRÖG AÐ DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári.
2. Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað félagsins á reikningsárinu 2009.
3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar.
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir liðið starfsár.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning endurskoðenda.
7. Skýrsla stjórnar um kjör stjórnar og æðstu stjórnenda, áætlaðan kostnað vegna kaupréttarsamninga og framkvæmd starfskjarastefnu.
8. Tillaga um samþykkt nýrrar starfskjarastefnu.
9. Tillaga um heimild til stjórnar að kaupa eigin hluti í félaginu.
10. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins. Meginefni þessara tillagna:
 - 10.1 4. mgr. greinar 2.01 – Fellt út ákvæði um skyldu til að skipta hlutabréfum í smærri einingar.
 - 10.2 2. mgr. greinar 4.01 – Rafræn umboð samþykkt á hluthafafundum.
 - 10.3 9. mgr. greinar 4.01 – Hluthöfum gefinn kostur á að greiða atkvæði rafrænt.
 - 10.4 4. mgr. greinar 4.02 – Leiðrétting á því hvaða ákvörðunum er hægt að fresta til framhaldsaðalfundar.
 - 10.5 1. mgr. greinar 4.03 – Hluthafafundi skal boða með þriggja vikna fyrirvara hið stysta.
 - 10.6 2. mgr. greinar 4.03 – Til hluthafafunda skal boða með rafrænum hætti á jafnréttisgrundvelli. Fundarboðið skal einnig birt í íslenskum fjölmiðli.
 - 10.7 3. mgr. greinar 4.03 – Ítarlegri upplýsingar skulu birtar í fundarboði.
 - 10.8 5. mgr. greinar 4.03 – Hluthöfum heimilt að gera kröfu rafrænt um að fá mál tekið á dagskrá.
 - 10.9 1. mgr. greinar 4.07 – Endanleg dagskrá skal birt á vefsíðu félagsins.
 - 10.10 4. mgr. greinar 4.07 – Gögn sem lögð eru fram í tengslum við aðalfund skulu birt á vefsíðu félagsins og liggja frammi á skrifstofu félagsins þremur vikum fyrir fundinn.
 - 10.11 Grein 5.04 – Fellt út ákvæði sem er tvítekið varðandi mikilvægar ákvarðanir stjórnar.
 - 10.12 3. mgr. greinar 7.02 – Fellt út gamalt ákvæði varðandi endurskoðendur og athugasemdir stjórnar við ársreikning.
11. Önnur mál sem borin hafa verið löglega fram eða aðalfundurinn hefur samþykkt að taka til meðferðar.

B. REGLUR UM ÞÁTTTÖKU HLUTHAFA OG ATKVÆÐAGREIÐSLU

Hluthafar eiga rétt á að fá mál sett á dagskrá, leggja fram ályktunartillögur og spyrja spurninga, með skriflegum eða rafrænum hætti, uns endanleg dagskrá og tillögur eru útgefnar 2. mars 2010. Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á vefsíðu félagsins: www.ossur.com/investors/AGM

Hverjum hlut í félaginu fylgir eitt atkvæði, að frátöldum eigin hlutum sem ekki fylgir atkvæðisréttur.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað.

Hluthafar sem sækja ekki aðalfundinn geta annaðhvort: a) kosið um dagskrármál með skriflegum eða rafrænum hætti, eða 2) veitt umboð.

Beiðni hluthafa um að kjósa með skriflegum eða rafrænum hætti þarf að berast félaginu eigi síðar en 5 dögum fyrir aðalfundinn. Atkvæði þurfa að berast félaginu fyrir aðalfund. Hluthafar geta einnig greitt atkvæði í höfuðstöðvum félagsins á skrifstofutíma alla virka daga fyrir aðalfundardag.

Hluthafar geta annaðhvort veitt skriflegt eða rafrænt umboð að uppfylltum ákveðnum formkröfum sem fram koma á vefsíðu félagsins. Rafræn umboð þarf að senda í gegnum aðgangskerfi hluthafa hjá félaginu. Umboð þurfa að berast félaginu fyrir aðalfund eða á fundarstað.

Nánari upplýsingar um atkvæðareglur og notkun umboða er að finna á vefsíðu félagsins: www.ossur.com/investors/AGM

C. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Aðalfundurinn fer fram á ensku.

Skjöl sem lögð verða fyrir aðalfund, þ.m.t. endurskoðaðir samstæðureikningar fyrir árið 2009 og ársskýrsla fyrir árið 2009, auk draga að ályktunartillögum og athugasemdum við hvert dagskrármál er að finna á ensku á vefsíðu félagsins: www.ossur.com/investors/AGM. Hluthafar geta einnig nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Grjóthálsi 5, 110 Reykjavík, á skrifstofutíma alla virka daga.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar 2. mars 2010. Hluthöfum er hins vegar bent á að samkvæmt grein 63 a. í hlutafélagalögum nr. 2/1995 er hægt að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega skemmst 5 dögum fyrir aðalfund. Af þeim sökum verða upplýsingar um alla frambjóðendur til stjórnar kunngerðar eigi síðar en 2 dögum fyrir aðalfund.

Nánari upplýsingar um aðalfundinn er að finna á vefsíðu félagsins: www.ossur.com/investors/AGM

Reykjavík, 16. febrúar 2010,

Stjórn Össurar hf.